

23. mars 2017

6. fundur stjórnar Foreldrafélags Grunnskólans í Stykkishólmi.

Formaður setti fund.

Laufey ritaði fundargerð.

1. Farið yfir öskudaginn. Krakkarnir almennt ánægð en mæting foreldra í gæslu hefði mátt vera betri til að dreifa álagi við stóru rólu sérstaklega. Athuga það fyrir næsta ár að hvetja fólk til að mæta á gæslu og ef það kemst ekki, fá þá fólk fyrir sig. Gangan gekk vel fyrir sig en smá misskilningur með stoppustaði, þyrfti að senda lista með stoppustöðum og fá staðfestingu. Leggja áherslu á að hafa gönguna hægari og leggja meira í sönginn svo allir nái að syngja á hverjum stað. Fá fullorðna t.d. inn í hópinn og stjórna söngnum líka, æfa fjölbreyttari lög. Leggja meira í skipulagið.
2. Árshátið. 7. Bekkur sér um veitingar sem er fjáröflun fyrir þann bekk.
3. Sumardagurinn fyrsti 20. apríl kl. 11 verður víðavangshlaup, yngstu á íþróttavöll og eldri um götur bæjarins. Fá skólahreystiliðið í að vera hérar. Grill, athuga með að börn fái frítt í sund þann daginn (þau börn sem taka þátt í hlaupinu), foreldrar þurfa að fylgja börnum í 1.-4. bekk. Kaupa þarf kol, fá grill, panta pulsuveislupakka hjá SS fyrir ca 240 manns. Athuga með að fá að borða inni í matsal eins og í fyrra. Sendu út auglýsingu og líka á leikskólann. Hugmynd um að vera með léttu leiki ef veður verður skaplegt. Sendur verður út verkefnalisti.
4. Tillögur að fyrirlestri. Fyrirlesturinn hjá Ingu sálfræðingi um daginn var mjög góður, talaði hún um tölvu/skjánotkun barna/unglinga sem hefur áhrif á kvíða og þunglyndi. Stefna á fyrirlestur um skjánotkun strax næsta haust og halda áfram með vinnu um það þema út veturinn.
5. Næsti fundur ákveðinn 24. apríl kl. 20:30

Fleira ekki rætt.

Fundargerð lesin og samþykkt.

Formaður sleit fundi.

Mæting:

Laufey Bjarnadóttir	2. Bekkur
Haukur Garðarsson	1. Bekkur
Sigurður A. Þórarinsson	9. Bekkur
Kristín S. Hannesdóttir	7. Bekkur

Hrefna Frímansdóttir	8. Bekkur
Dominika Kulinska	6. Bekkur
Svava Pétursdóttir	3. Bekkur
S. María Þórsdóttir	10. Bekkur
Una Særún Karlsdóttir	10. Bekkur
Benný Eva	2. og 6. Bekkur
Arna Sædal	1. Bekkur